

Sagafilm ehf.  
B.t. Chanel Bjarkar Sturludóttur  
Urðarhvarf 14  
203 Kópavogur

Reykjavík 22. maí 2018  
UST201805-191/I.M.B.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um kvíkmyndatökuleyfi - Snæfellsjökull**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Sagafilm ehf, dagsett 17. maí 2018, um leyfi til kvíkmyndatöku innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls dagana 25.-26. maí 2018.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eftir því sem þau geta átt við. Umhverfisráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum samkv. 17. gr. reglugerðarinnar. Öllum er skyld að ganga vel og snyrtilega um. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralif né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi fyrir kvíkmyndatöku á Öxi og á toppi Snæfellsjökuls dagana 25.-26. maí 2018. Sett verður upp aðstöðutjald og salernistjald við hrygginn neðan við topp jökulsins. Notaðar verða þrjár 2kW rafstöðvar og tekur hver þeirra 8 lítra af bensíni. Að öðru leiti er búnaður verkefnisins þrjár myndavélar og aukahlutir fyrir þær. Starfsmenn verkefnisins eru 28 manns auk þriggja jöklaleiðsögumanna sem verða með hópnum á meðan tökum stendur. Fer fólkid á jökulinn með snjóbílum frá ferðapjónustufyrirtækjum á svæðinu. Gert er ráð fyrir að fara upp á jökulinn að morgni og til baka um eftirmiðdaginn.

#### ***Áhrifamat:***

Um er að ræða framkvæmd sem Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að valdi spjöllum eða raski á jöklínnum ef rétt er að verki staðið og þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur sé fylgt. Þá telur stofnunin litlar líkur á að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi þjóðgarðsins.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvíkmyndatöku á Sæfellssjökli að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Hafa skal leyfi þetta meðferðis á meðan tökum stendur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Gæta skal að mengunarvörnum rafstöðvanna og þess gætt að olía, bensín eða annar mengandi vöki berist ekki í jökulinn.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl, úrgangur og búnaður verði fjarlægt.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir vinnslu umsóknar vegna ljós- og kvíkmyndatöku á friðlýstum svæðum er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Jón Björnsson

Jón Björnsson  
Þjóðgarðsvörður